

Vátrygging gegn refsiverðri háttsemi

Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
 - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
 - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framfar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framfar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framfar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framfar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Tjónagrunnur

Tilteknar upplýsingar um tjón sem tilkynnt eru í trygginguna eru færðar í tjónagrunn sem Samtök fjármálafyrirtækja reka samkvæmt sérstöku leyfi frá Persónuvernd. Sjóvá-Almennar tryggingar bera ábyrgð á vinnslu upplýsinganna en Creditinfo er vinnsluaðili þeirra. Tilgangur vinnslu upplýsinga í tjónagrunninum er að stemma stigu við tryggingarsvikum og koma í veg fyrir ofgreiðslu tryggingarbóta. Þessar upplýsingar eru skráðar í tjónagrunninn:

- Kennitala tjónþola
- Númer máls hjá félaginu
- Tegund tryggingar
- Tegund tjóns
- Dagsetning tjóns
- Dagsetning skráningar í grunninn
- Nafn viðkomandi vátryggingarfélags
- Staðsetningu tjóns
- Einkvæmt númer þess tryggða, s.s. ökutækis.

Starfsmenn tryggingafélaga sem starfa að tjónauppgjöri hafa einir aðgang að upplýsingum í grunninum. Upplýsingunum verður eytt þegar ekki er lengur þörf fyrir þær í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar tíu ár eru liðin frá skráningu.

Efnisyfirlit

1. gr.	Vátryggður.....	3
2. gr.	Gildissvið A: Auðgunarbrot starfsmanna	3
3. gr.	Gildissvið B: Þjófnaður og rán þriðja aðila	4
4. gr.	Gildissvið C: Falsaðir peningaseðlar	4
5. gr.	Gildissvið D: Tölvu- og reikningsfærslusvik	4
6. gr.	Gildissvið E: Tölvuveirur og skemmdarverk	5
7. gr.	Almennar undantekningar	5
8. gr.	Vátryggingartími	6
9. gr.	Landfræðileg mörk	6
10. gr.	Skilgreiningar.....	6
11. gr.	Uppgjör bóta.....	6
12. gr.	Vátryggingarfjárhæðir o.fl.	7
13. gr.	Gildistími – endurnýjun - réttur til uppsagnar	7
14. gr.	Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á vátryggingartímabilinu - endurskoðun iðgjalds	8
15. gr.	Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar.....	9
16. gr.	Áhættubreyting - Aukin áhætta.....	9
17. gr.	Tilkynning um tjón - Greiðsla bóta.....	9
18. gr.	Frestur til að tilkynna um tjón - fyrning.....	9
19. gr.	Tvítrygging	10
20. gr.	Óviðráðanlegir atburðir.....	10
21. gr.	Ágreiningur	10
22. gr.	Varnarþing.....	10
23. gr.	Vernd persónuupplýsinga.....	10

1. gr. Vátryggður

Vátryggður samkvæmt vátryggingu þessari er vátryggingartaki, en nafn hans er tilgreint í vátryggingarskríteini, svo og dótturfélög hans ef um þau er að ræða.

Vátrygging á eignum vátryggðs er til hagsbóta fyrir vátryggðan en ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila svo sem veðhafa eða nýjan eiganda hins vátryggða. Vátryggingin fellur brott við eigendaskipti að hinu vátryggða.

Dótturfélög vátryggingartaka telst vera:

- sérhvert félag þar sem vátryggingartaki á meira en helming hlutafjár með atkvæðisrétti, annaðhvort beint eða óbeint gegnum eitt eða fleiri dótturfélög þegar vátrygging þessi öðlast gildi.
- sérhvert félag þar sem vátryggingartaki á gildistíma vátryggingarinnar eignast beint eða óbeint meira en helming hlutafjár með atkvæðisrétti, svo fremi sem eignaraðild viðkomandi dótturfélags auki ekki heildareign og starfsmannafjölda vátryggingartaka og annarra dótturfélaga hans um meira en 10%.

Þó nær þessi vátrygging aðeins til tjóns dótturfélags ef það varð á þeim tíma þegar vátryggingartaki átti meira en helming hlutafjár með atkvæðisrétti, annaðhvort beint eða óbeint gegnum eitt eða fleiri dótturfélög.

Þessi vátrygging er aðeins til hagsbóta fyrir vátryggðan.

2. gr. Gildissvið A: Auðgunarbrot starfsmanna

2.1 Tjón vátryggðs sjálfs.

Vátryggingin bætir tjón vátryggðs sem stafar af því að starfsmaður, einn síns liðs eða með hlutdeild annarra, hefur gerst sekur um þjófnað, fjárdrátt, umboðssvik, svik, þ.m.t. tölvusvik, eða nokkurn annan glæpsamlegan verknað með þeim ásetningi:

- að valda vátryggðum fjártjóni, og
 - jafnframt að afla sér eða hlutdeildarmönnum sínum ólögmæts fjárhagslegs ávinnings, annars en launa, kaupauka og annarra venjulegra launagreiðsla.
- Í viðskiptum með verðbréf, viðskiptabréf, lán, lausavörur (búlkvörur) o.þ.h. er það auk þess skilyrði fyrir bótaskyldu að starfsmaðurinn hafi í raun aflað sér ólögmæts fjárhagslegs ávinnings.

2.2 Ábyrgð á tjóni þriðja aðila.

Vátryggingin bætir tjón í því tilviki að vátryggðum er skylt samkvæmt lögum að bæta tjón þriðja aðila af völdum starfsmanns vátryggðs, sem einn síns liðs eða með hlutdeild annarra, hefur gerst sekur um þjófnað, fjárdrátt, umboðssvik, svik, þ.m.t. tölvusvik, eða nokkurn annan glæpsamlegan verknað með þeim ásetningi að:

- að valda vátryggðum eða þriðja aðila tjóni, og
 - jafnframt að afla sér eða hlutdeildarmönnum sínum ólögmæts fjárhagslegs ávinnings.
- Í viðskiptum með verðbréf, viðskiptabréf, lán, lausavörur (búlkvörur) o.þ.h. er það auk þess skilyrði að starfsmaðurinn hafi í raun aflað sér ólögmæts fjárhagslegs ávinnings.

Vátryggingin bætir aðeins það sem nemur ábyrgð vátryggðs á beinu fjárhagslegu tjóni þriðja aðila.

2.3 Tjón af völdum óþekktra starfsmanna.

Ef ekki er unnt að lokinni lögreglurannsókn að benda á einn eða fleiri starfsmenn, sem valdir eru að tjóni sem greinar 2.1 og 2.2 ná til, fæst slíkt tjón samt sem áður bætt, ef þau sönnunargögn sem vátryggður leggur fyrir félagið benda án verulegs vafa til þess að starfsmaður hans hafi valdið tjóninu og að skilyrðum í greinum 2.1 eða 2.2 hafi verið fullnægt.

2.4 Undantekningar

Gildissvið A, sbr., greinar 2.1, 2.2 og 2.3, nær ekki til:

- tjóns sem kemur aðeins fram við vörutalningu/útreikning eða uppgjör (rýmun).
- tjóns af völdum starfsmanns sem vátryggður hefur ráðið til starfa þótt honum væri kunnugt um að hann hefði hlotið refsingu fyrir auðgunarbrot.

- 2.4.3 tjóns af völdum starfsmanns sem verður eftir að framkvæmdastjóri eða annar stjórnandi í fyrirtæki vátryggðs hefur komist á snoðir um að starfsmaðurinn hafi framið auðgunarbrot.
- 2.4.4 tjóns af völdum starfsmanns sem á eða ræður yfir meira en 5% af hlutfé í fyrirtæki vátryggingartaka eða eins af dótturfélögum hans eða - ef vátryggingartakinn er sameignarfélag eða sambærilegt félag - ef tjónið er af völdum sameiganda eða annars aðila sem ber ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins.
- 2.4.5 tjóns af völdum starfsmanns ef hann hefur aðstöðu til að framkvæma endanlega afstemmingu reiknings og hefur jafnframt einn umboð til að taka fé út af viðkomandi reikningi eða ráðstafa því.

3. gr. Gildissvið B: Þjófnaður og rán þriðja aðila

- 3.1 Félagið bætir tap vátryggðs á peningum eða verðbréfum ef þriðji aðili hefur stolið þeim eða rænt úr húsakynnum vátryggðs eða húsakynnum banka eða úr sambærilegum geymslustað verðmæta þar sem vátryggingartakinn hefur komið peningum eða verðbréfum fyrir til geymslu.
- 3.2 Vátryggingin bætir tap vátryggðs á peningum eða verðbréfum ef þriðji aðili hefur stolið þeim eða rænt meðan starfsmaður eða öryggis- eða gæslufyrirtæki flutti þá eða þeir voru í geymslu á heimili starfsmanns.
- 3.3 Undantekningar:
Gildissvið B, sbr. greinar 3.1 og 3.2, nær ekki til:
 - 3.3.1 taps á peningum eða verðbréfum í flutningi, varðveislu eða geymslu öryggis- eða gæslufyrirtækis, banka eða annars geymslustaðar verðmæta, ef vátryggður á rétt á bótum úr hendi hlutaðeigandi.

4. gr. Gildissvið C: Falsaðir peningaseðlar

- 4.1 Vátryggingin bætir beint tjón vátryggðs, ef hann hefur sannanlega mótttekið falsaða peningaseðla í góðri trú sem greiðslu fyrir vörur eða veitta þjónustu í venjulegum rekstri sínum.

5. gr. Gildissvið D: Tölvu- og reikningsfærslusvik

- 5.1 Vátryggingin bætir beint tjón vátryggðs sem stafar af glæpsamlegri hagræðingu þriðja aðila á gögnum, forritum eða forritsstefjum í tölvukerfi vátryggðs með þeim ásetningi að afla sér ólögðs ávinnings.
- 5.2 Vátryggingin bætir beint tjón vátryggðs vegna heimildarlausra rafrænna færslna af reikningum vátryggðs með því að þriðji aðili hefur með refsiverðum hætti pretað banka eða aðra fjármálastofnun með þeim ásetningi að afla sér ólögðs ávinnings, nema vátryggður eigi rétt á bótum úr hendi hlutaðeigandi banka eða fjármálastofnunar.
- 5.3 Undantekningar:
Gildissvið D, sbr. greinar 5.1 og 5.2, nær ekki til:
 - 5.3.1 tjóns vegna tapaðs tölvutíma, rekstrarstöðvunar, rekstartaps eða annars óbeins tjóns.
- 5.4 Varúðarreglur - Öryggisráðstafanir
Varúðarreglur eru háttarnisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón. Það er forsenda fyrir greiðslu bóta að settum varúðarreglum sé ávallt fylgt.
Eftirfarandi varúðarregla gildir um gildissvið D:
Vátryggðum ber á hverjum tíma að hlíta venjulegum öryggisreglum um ytri tölvuviðskipti, þ.m.t. öryggisreglum sem um hefur verið samið við banka eða aðra fjármálastofnun með tilliti til yfirfærslu af reikningum með rafeindatækni.
Hafi vátryggður vanrækt að hlíta varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í vátryggingarsamningi má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 26. gr. laga nr. 30/2004.

6. gr. Gildissvið E: Tölvuveirur og skemmdarverk

6.1 Aukakostnaður sem vátryggður verður fyrir af völdum tölvuveiru.

Vátryggingin bætir aukakostnað vátryggðs við að fjarlægja veiru, svo og til endurgerðar eða enduröflunar gagna ef veirusýking kemur fram í hugbúnaði, forritum eða öðrum gögnum vátryggðs sem geymd eru í tölvukerfum vátryggðs.

6.2 Aukakostnaður sem vátryggður verður fyrir vegna skemmdarverka sem starfsmaður hefur unnið á gögnum.

Vátryggingin bætir aukakostnað vátryggðs vegna enduröflunar gagna eftir að starfsmaður hefur af ásetningi og með refsiverðum hætti unnið skemmdarverk á eða eyðilagt hugbúnað, forrit eða önnur gögn sem varðveitt eru á rafeindamiðlum í eigu vátryggðs.

6.3 Aukakostnaður sem vátryggður verður fyrir vegna skemmdarverks sem þriðji aðili hefur unnið á gögnum með ólögmetu aðgengi að tölvukerfi vátryggðs (hacking)

Vátryggingin bætir aukakostnað vátryggðs vegna enduröflunar gagna eftir að þriðji aðili hefur af ásetningi og með refsiverðum hætti unnið skemmdarverk á eða eyðilagt hugbúnað, forrit eða önnur gögn sem varðveitt eru á rafeindamiðlum í eigu vátryggðs með ólögmetu aðgengi (hacking) að tölvukerfi vátryggðs.

6.4 Undantekningar:

Gildissvið E, sbr. greinar 6.1, 6.2 og 6.3, nær ekki til eftirfarandi tilvika:

6.4.1 Vátryggingin bætir ekki tjón vegna tapaðs tölvutíma, rekstrarstöðvunar, rekstrartaps eða annars óbeins tjóns.

6.4.2 Vátryggingin bætir ekki neins konar tap eða útgjöld sem vátryggður á rétt á að krefjast bóta fyrir úr hendi annarra, svo sem banka, tölvumiðstöðvar eða þess háttar aðila.

6.5 Varúðarreglur - Öryggisráðstafanir

Eftirfarandi varúðarreglur gilda um gildissvið E:

- a. Í tölvukerfum vátryggðs skal vera venjulegt veiruvarnarforrit. Skyld er að afla nýjustu útgáfu af veiruvarnarforritinu á hverjum tíma.
- b. Vátryggður skal taka öryggisafrit (backup) af gögnum og kerfum a.m.k. einu sinni í viku. Hafir vátryggður vanrækt að hlíta varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í vátryggingarsamningi má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 26. gr. laga nr. 30/2004.

7. gr. Almennar undantekningar

Almennar undantekningar sem gilda um alla þætti vátryggingarinnar.

Vátryggingin nær ekki til:

- 7.1 virðisaukaskatts eða óbeins tjóns, svo sem tapaðs hagnaðar, tapaðrar framlegðar, vaxta eða annarra tekna, taps á viðskipta-vild eða taps vegna uppljóstrunar viðskiptaleyndarmála, framleiðsluaðferða eða annarra trúnaðarupplýsinga sem leynt eiga að fara.
- 7.2 kostnaðar eða útgjalda, þ.m.t. lögfræðikostnaðar, vegna málsóknar gegn eða af hálfu vátryggðs.
- 7.3 kostnaðar eða útgjalda í tengslum við að sannreyna tjón eða umfang þess, þ.m.t. útgjöld við að upplýsa mál, vegna endurskoðunar eða málsóknar.
- 7.4 tjóns af völdum fjárkúgunar og mannráns.
- 7.5 tjóns af völdum kjarnabreytinga, kjarnorkugeislunar eða geislaþengunar eða verknaðar eða atburðar sem leiðir af þeim orsökum.

8. gr. Vátryggingartími

- 8.1 Vátryggingin bætir tjón sem kemur í ljós eftir að hún öðlast gildi. Að því varðar vátryggingarvernd samkvæmt lið 2.2 (ábyrgð á tjóni þriðja aðila) telst tjónið komið í ljós þegar krafa hefur verið gerð á hendur vátryggðum.
- 8.2 Vátryggingin bætir ekki tjón sem kemur í ljós eftir að gildistíma hennar er lokið. Svo fremi sem að vátryggingarskírteinið hafi að geyma áritun þess efnis nær vátryggingin þó til tjóns sem kemur í ljós eftir að gildistíma hennar er lokið innan þess tíma sem kemur fram í árituninni (framlenging á gildistíma).
- 8.3 Vátryggingin nær ekki til tjóns sem tilkynnt er síðar en 3 mánuðum eftir að gildistíma hennar lýkur, eða ef í vátryggingarskírteininu er áritun um framlengingu gildistímans, eftir að 3 mánuðir eru liðnir frá því að framlengingin rann út.
- 8.4 Sömu reglur gilda um viðbætur eða niðurfellingu einstakra gildissviða vátryggingarinnar.
- 8.5 Vátryggingin bætir tjón hjá dótturfélagi sem kemur í ljós eftir að vátryggingin hefur tekið gildi fyrir dótturfélagið.
- 8.6 Vátryggingin nær ekki til tjóns sem kemur í ljós eftir að hún nær ekki lengur til dótturfélagsins. En ef í vátryggingarskírteininu er áritun þess efnis nær vátryggingin þó til tjóns sem kemur í ljós eftir að gildistíma vátryggingar dótturfélagsins lýkur en innan þess tíma sem kemur fram í árituninni (framlenging gildistíma).
- 8.7 Vátryggingin nær ekki til tjóns sem tilkynnt er síðar en 3 mánuðum eftir að gildistíma hennar lýkur, eða, ef í vátryggingarskírteininu er áritun um framlengingu gildistímans, eftir að 3 mánuðir hafa liðið frá því að framlengingin rann út.

9. gr. Landfræðileg mörk

Ef annað er ekki tekið fram í vátryggingarskírteininu nær vátryggingin til tjóns án tillits til þess hvar í heiminum það verður.

10. gr. Skilgreiningar

10.1 Starfsmaður

Starfsmenn teljast þeir menn sem vátryggður hefur ráðið til starfa og starfa samkvæmt fyrirmælum og undir stjórn hans, þ.m.t. sjálfboðaliðar, afleysingafólk o.s.frv. Viðkomandi maður telst starfsmaður vátryggðs í 30 daga eftir að hann hefur látið af störfum.

10.2 Þriðji aðili

Starfsmenn vátryggðs, stjórnarmenn, hluthafar eða eigendur og nánir vandamenn þeirra teljast ekki þriðji aðili.

10.3 Verðbréf

Með verðbréfum er átt við hlutabréf, skuldabréf og önnur sambærileg skjöl, sbr. lög um verðbréfavíðskipti, en ekki peninga.

11. gr. Uppgjör bóta

11.1 Tölvugögn

Bætur fyrir tölvugögn eru aðeins greiddar þegar endurgerð eða enduröflun þeirra á sér í raun stað. Bætur takmarkast við útgjöld vátryggðs vegna kaupa á utanaðkomandi tæknilegri aðstoð vegna yfirfærslu eða afritunar gagna sem vátryggðum ber sjálfum að leggja til.

11.2 Erlendur gjaldmiðill

Þegar bætt skal tjón í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum nema bæturnar mest jafnvirði þeirra í íslenskum krónum sem umreikna skal eftir skráðu gengi hjá Seðlabanka Íslands þann dag sem tjónið

kom í ljós eða, skv. grein 2.2 (ábyrgð á tjóni þriðja aðila), þann dag þegar krafan var gerð á hendur vátryggðum.

11.3 Verðbréf

Ef verðbréf hafa tapast miðast bætur við staðgreiðsluverð þeirra síðasta virkan dag fyrir þann dag sem tapið var uppgötvað.

12. gr. Vátryggingarfjárhæðir o.fl.

12.1 Vátryggingarfjárhæð

Greiðsluskylda félagsins á hverju vátryggingartímabili takmarkast við heildarvátryggingarfjárhæðina, sem tilgreind er í vátryggingarskírteininu. Þetta á við án tillits til þess hvort vátryggingin nær til eins eða fleiri ofangreindra gildissviða. Auk þess er vátryggingarfjárhæð sem tilgreind er í vátryggingarskírteininu fyrir hvert gildissvið hámark árlegrar bótaskyldu félagsins vegna viðkomandi gildissviðs. Tjón, sem fellur undir tvö eða fleiri umsamin gildissvið, veitir vátryggðum ekki rétt til að leggja saman vátryggingarfjárhæðirnar fyrir hin einstöku gildissvið. Í slíkum tilvikum takmarkast ábyrgð félagsins við þá vátryggingarfjárhæð sem hæst er.

12.2 Eigin áhætta

Bætur samkvæmt þessari vátryggingu eru greiddar að fráreginni eigin áhættu sem tilgreind er í vátryggingarskírteini.

12.3 Raðtjón

Tjón, sem vátryggður verður fyrir við samfellda röð atburða af völdum sama manns, hvort sem hann er einn að verki eða með hlutdeild annarra, telst eitt tjón með þeirri hámarksvátryggingar-fjárhæð sem tilgreind er í lið 12.1. Þetta á einnig við um tjón af völdum óþekktra starfsmanna, sbr. lið 2.3, þegar allt bendir til þess að ætla megi að sami maður hafi verið að verki, einn síns liðs eða með hlutdeild annarra, í samfelldri röð atburða.

13. gr. Gildistími – endurnýjun - réttur til uppsagnar

Gildistími - endurnýjun

Vátryggingin er skammtímatrygging sem gildir til eins árs í senn. Vátryggingartímabil er tilgreint í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

Endurnýjun og uppsögn

Vátrygging, sem gildir í eitt ár eða lengur, er endurnýjuð fyrir eitt ár í senn, nema vátryggingartaki hafi tilkynnt félaginu um að hann vilji segja vátryggingarsamningnum upp. Vátryggingartaki getur sagt vátryggingunni upp skriflega með mánaðar fyrirvara hvenær sem er á vátryggingartímabilinu og miðast uppsögn við næstu mánaðarmót þar á eftir. Eigi uppsögn að miðast við endurnýjun vátryggingarinnar skal tilkynning um uppsögn berast félaginu í síðasta lagi tveimur vikum fyrir lok vátryggingartímabilsins. Hafi vátryggingartaki ekki lengur þörf fyrir vátrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn, getur hann þó sagt vátryggingunni upp með skriflegri tilkynningu til félagsins án sérstaks fyrirvara, sbr. 2. mgr. 14. gr. eða 3. mgr. 75. gr. laga nr. 30/2004.

Þegar vátrygging er tekin vegna atvinnurekstrar, þar sem umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemi fer að mestu leyti fram erlendis, getur vátryggingartaki aðeins sagt vátryggingunni upp við endurnýjun hennar og skal uppsögn í síðasta lagi hafa borist félaginu einum mánuði fyrir lok vátryggingartímabilsins.

Ef félagið hyggst ekki framlengja vátrygginguna skal tilkynna vátryggingartaka það í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en vátryggingartímabilið er á enda. Félagið getur gert breytingar á vátryggingarskilmálum

og iðgjaldi vátryggingarinnar. Slíkar breytingar taka gildi frá næstu endurnýjun vátryggingarinnar eftir að tilkynning um þær er send.

Réttur félagsins til uppsagnar á vátryggingartímanum

Félagið getur sagt upp vátryggingunni:

1. Ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. eða 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004.
2. Ef vátryggingartaki hefur viðhaft sviksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. eða 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum vátryggingasamningum sínum við vátryggðan.
3. Ef vátryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör vátryggingarbóta, með viku fyrirvara, sbr. 47. gr. og 15. gr. eða 120. gr. og 76. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum vátryggingasamningum sínum við vátryggðan.
4. Eftir að tjón hefur orðið, ef
 - a. vátryggður hefur valdið tjóninu af ásetningi;
 - b. vátryggður hefur brotið gegn varúðarreglum;
 - c. fjöldi tjóna á skömmum tíma er meiri en eðlilegt telst, t.d. 3 tjón á 12 mánuðum.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

5. Ef notkun hins vátryggða eða starfsemi vátryggðs breytist á vátryggingartímanum á þann hátt að:
 - a. Félagið hefði ekki tekið að sér vátrygginguna ef hinar nýju aðstæður hefðu legið fyrir við töku vátryggingarinnar.
 - b. Það hefur áhrif á möguleika félagsins til að endurtryggja áhættuna.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

6. Við ítrekaðar vanefndir á greiðslu iðgjalds. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.
7. Ef alvarlegur trúnaðarrestur verður milli félagsins og vátryggingartaka.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

14. gr. Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á vátryggingartímabilinu - endurskoðun iðgjalds

Vátryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins. Fyrsta iðgjaldið fellur í gjalddaga þann dag sem vátryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu. Krafa um greiðslu iðgjalds verður send vátryggingartaka á það heimilisfang sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu. Breytingar á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað. Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur vátryggingin niður þegar í stað, sbr. 33. gr. laga nr. 30/2004. Þegar vátryggingarsamningi, sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma, er slitið á vátryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem vátryggingin var í gildi en endurgreiðir iðgjöld fyrir annað tímabil sem þá þegar er greitt. Sé iðgjald ákveðið árstíðabundið er heimilt að taka tillit til þess við endurgreiðslu iðgjaldsins, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 30/2004. Sé andvirði hins vátryggða greitt út við altjón og vátryggingin fellur niður af þeim sökum kemur ekki til endurgreiðslu iðgjalds.

15. gr. Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar

15.1 Upplýsingar um áhættuna

Hafi vátryggingartaki sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og vátryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.

Hafi vátryggingartaki með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.

15.2 Upplýsingar við uppgjör bóta

Ef vátryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum vátryggingarsamningum vegna hins tiltekna vátryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan með einnar viku fyrirvara.

16. gr. Áhættubreyting - Aukin áhætta

16.1 Ef breytingar verða á þeirri áhættu sem tilgreind er í vátryggingarskírteininu ber án tafar að tilkynna það félaginu, sem tekur þá ákvörðun um að hve miklu leyti og með hvaða kjörum vátryggingin geti gilt áfram. Félagið áskilur sér rétt til þess að segja vátryggingunni upp, sbr. 13. gr. skilmála þessara, eða breyta vátryggingarkjörum vegna breytinga á áhættu.

16.2 Láti vátryggður hjá líða að tilkynna félaginu um breytingu á áhættu getur bótaréttur fallið niður að hluta eða öllu leyti samkvæmt reglum 24. og 25. gr. laga nr. 30/2004. Hafi félaginu ekki borist slík tilkynning ber félagið aðeins ábyrgð samkvæmt þeim skilmálum og að því marki sem félagið hefði látið hana gilda áfram gegn umsömdu iðgjaldi, ef því hefði borist vitneskja um breytinguna.

17. gr. Tilkynning um tjón - Greiðsla bóta

17.1 Þegar tjón er orðið skal vátryggður tafarlaust skýra félaginu frá því.

17.2 Er bótakrafa kemur fram á hendur vátryggðum á því sviði sem vátryggingin nær til á félagið rétt á að annast samninga við tjónþola, (þann sem kröfu gerir á hendur vátryggðum), uppgjör og málsvörn ef til hennar kemur.

Ekki má vátryggður viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur skv. ákvæðum í lið 2.2 (ábyrgð á tjóni þriðja aðila) án samþykkis félagsins og ákveður félagið að öðru leyti meðferð málsins.

17.3 Eigi vátryggður skaðabótakröfu á hendur öðrum aðila öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt vátryggðum bætur.

17.4 Ef tjón hefur orðið er vátryggðum skylt að veita félaginu upplýsingar og afhenda því nauðsynleg gögn o.fl., þ.m.t. gögn er varða bótakröfu þriðja aðila á hendur vátryggðum, svo og gögn sem félaginu eru nauðsynlegar vegna hugsanlegrar endurkröfu.

17.5 Bætur greiðast innan 14 daga eftir að fullnægjandi sannanir hafa borist fyrir bótaskyldu félagsins og unnt er að ákveða upphæð bóta.

Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 50. gr. laga nr. 30/2004.

18. gr. Frestur til að tilkynna um tjón - fyrning

Vátryggður glatar rétti til bóta ef:

1. hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. gr. laga nr. 30/2004.

Krafa vátryggðs um bætur getur fyrnst samkvæmt reglum 52. gr. laga nr. 30/2004.

19. gr. Tvítrygging

Ef hagsmunir þeir sem vátrygging þessi tekur til eru einnig vátryggðir með annari vátryggingu getur vátryggður valið úr hvaða vátryggingu hann krefst bóta, þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

Ef fleiri en eitt vátryggingafélag bera ábyrgð á tjóni skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu. Því getur það félag, sem bætir tjónið, endurkrafið önnur félög hlutfallslega.

20. gr. Óviðráðanlegir atburðir

Félaginu er ekki skylt að greiða bætur vegna tjóns sem stafar beint eða óbeint af stríði, aðstæðum sem líkjast stríði, borgarastyrjöld, byltingu eða borgararóstum eða aðgerðum opinberra yfirvalda, verkfalli, verkbanni, hafnbanni eða öðrum sambærilegum atburðum.

21. gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum www.fme.is og www.sjova.is, auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

22. gr. Varnarþing

Varnarþing félagsins er Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af vátryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

23. gr. Vernd persónuupplýsinga

Samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 á sá sem upplýsingar eru skráðar um rétt á að fá upplýsingar hjá félaginu um vinnslu persónuupplýsinga um sig auk þess sem hann á rétt á því að félagið leiðrétti rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar.

Félagið leggur ríka áherslu á öryggi og trúnað við meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingar um viðskiptavini félagsins eru ekki afhentar þriðja manni nema samkvæmt skýru umboði, lögum eða dómsúrskurði.

Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. júlí 2015 og koma í stað skilmála sem giltu frá 1. janúar 2006.

[Efst á skjal](#)